



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2022

Þröstur Ásmundsson fæddist á Akureyri 26. maí árið 1952, gekk hér hinn hefðbundna menntaveg og nam síðan sögu og heimspeki í Þýskalandi eftir stúdentspróf frá Menntaskólanum á Akureyri. Heimkominn tók hann til við kennslu og hefur verið kennari við Verkmenntaskólann á Akureyri í næstum fjóra áratugi.

Eftir að Þröstur var fluttur heim frá Þýskalandi, lét hann mjög til sín taka í menningarmálum Akureyrar, sat meðal annars í menningarmálanefnd bæjarins frá 1986 til 1994 og var formaður hennar frá 1990. Hann varð aftur formaður menningarmálanefndar árin 1998 til 2002. Á þeim sömu árum var hann formaður safnráðs Listasafnsins, formaður stjórnar Minjasafnsins á Akureyri og fulltrúi Akureyrarbæjar í leikhúsráði Leikfélags Akureyrar. Þá var hann formaður Aldamótanefndar Akureyrarbæjar 1999 til 2000 og í dómnefnd um útilistaverk í tilefni aldamótahátíðarinnar á Akureyri.

Þröstur átti stóran þátt í tilurð Listagilsins. Árin 1990-1991 sat hann í starfshópi á vegum Akureyrarbæjar sem vann að því að kaupa húseignir KEA í Grófargili. Hann var síðan formaður Gilnefndar Akureyrarbæjar frá 1991-1993 en nefndin hafði það hlutverk að undirbúa og skipuleggja stofnun Listasafnsins á Akureyri og stofnun menningarmiðstöðvar í Listagili. Þröstur var einnig formaður Gilfélagsins frá 1995 til 1997. Loks skal þess getið að árin 1999 til 2002 var hann í starfshópi á vegum Akureyrarbæjar um byggingu menningarhúss á Akureyri sem síðar hlaut nafnið Hof.

Ýmsum öðrum hlutverkum í menningarlífi Akureyrar hefur Þröstur gegnt í gegnum tíðina og hefur á sama tíma þýtt heimspekirit á íslensku, þar á meðal eftir Nietzsche, Schiller og Hegel (sem kemur út í haust), sem og kennslubækur um heimspeki. Auk þess gerði Þröstur útvarpsþætti um menningarmál af ýmsu tagi, þar á meðal þáttaröð um "Skáld á Akureyri".

Sem sjá má hefur framlag Þröstar Ásmundssonar til menningarmála verið til mikilla heilla og fyrir það hlýtur hann heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs árið 2022.